



***Fornleifaskráning vegna deiluskipulags á Laugum
í Reykjadal***



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Kolagröf [3481-031] ofan við þéttbýlið á Laugum.




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Október 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskráning	3
Hólar og Lautir.....	3
[3481-001] bæjarhóll – bæjarstæði – Hólar	4
[3481-002] heimild – legstaður.....	6
[3481-003] tóft – bænhús - Kirkjulaut	7
[3481-004] leið – reiðgötur	8
[3481-005] heimild – kofi – Kofahóll.....	8
[3481-006] heimild – hesthús – Litlahesthús.....	9
[3481-007] heimild – fjárhús – Hólshús	10
[3481-008] heimild – fjárhús – Miðhús	10
[3481-009] heimild – hesthús – Stórahesthús	11
[3481-010] tóft – fjárhús – Stórhús.....	12
[3481-011] garðlag – túngarður – Vallargarður.....	13
[3481-012] heimild – kvíar – Kvíhóll.....	13
[3481-013] heimild – mógrafir – Svarðargrafir	14
[3481-014] tóft – stekkur – Stekkjarholt.....	15
[3481-015] heimild – garðlag	16
[3481-027] niðurgröftur – kolagröft	16
[3481-028] niðurgröftur – kolagröft	17
[3481-029] niðurgröftur – kolagröft	17
[3481-030] niðurgröftur – kolagröft	18

[3481-031]	niðurgröftur – kolagröft	18
[3481-032]	niðurgröftur – kolagröft	19
[3481-033]	niðurgröftur – kolagröft	19
[3481-034]	niðurgröftur – kolagröft	20
[3481-035]	niðurgröftur – kolagröft	20
[3481-036]	niðurgröftur – kolagröft	21
[3481-037]	niðurgröftur – kolagröft	21
[3481-038]	garðlag – vörslugarður	22
[3481-039]	niðurgröftur – kolagröft	22
[3481-040]	niðurgröftur – kolagröft	23
[3481-041]	garðlag – óþekkt.....	23
[3481-042]	varða - óþekkt	24
[3481-043]	heimild – tóft.....	24
[3481-044]	garðlag – óþekkt.....	24
Litlu-Laugar		25
[3481-016]	heimild – vað – Hólavað	25
[3481-017]	heimild – sundlaug – Sundpollur/Skólatjörn	26
[3481-018]	örnefni – Beinateigur/Beinateigshvammur	27
[3481-019]	heimild – vað – Kirkjuvað	27
[3481-020]	heimild – reiðgötur – Hólagata	28
[3481-021]	heimild – brú	29
[3481-022]	heimild – fjárhús – Lækjarhús	29
[3481-023]	heimild – fjárhús - Gerðishús.....	30
[3481-024]	örnefni – landamerki - Hólateigur.....	30
[3481-025]	örnefni – Skipból	30

[3481-026]	örnefni – mylla – Millueyri.....	32
[3481-045]	jarðrækt – matjurtagarður	32
Niðurstöður		33
Heimildir:.....		34
Viðauki I. Minjaskrá		35
Viðauki II. Minjakort		37



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.


Abstract

Þingeyjarsveit commissioned Sagnbrunnur ehf, to carry out an archaeological survey of an area at Laugar, Reykjadal due to land use planning. The project has the registration nr. 3481. A total of 45 protected archaeological features were documented during the survey. The study area covers approximately 74 hectares and includes the urban area of Laugar, which historically belonged to the farms Hólar and Litlu-Laugar. In accordance with Icelandic Heritage Law No. 80/2012, all archaeological remains that are 100 years or older are automatically protected. These remains may not be disturbed or altered without explicit permission from the Cultural Heritage Agency of Iceland.

Inngangur

Að beiðni Þingeyjarsveitar tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags við Lauga í Reykjadal. Fulltrúi verkkaupa var Anna Bragadóttir og fékk verkið verkefnanúmerið 3481 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda gefið út. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á skipulagssvæðinu til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Farið var á vettvang þann 22. ágúst síðastliðinn og svæðið tekið út, í heildina voru skráðar 45 minjar í og við skráningarsvæðið.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið afmarkað með rauðri línu.

Deiliskipulagssvæðið sem fornleifaskráningin nær til er um 74 hektarar á stærð og nær umhverfis þéttbýlið á Laugum í Reykjadal. Samkvæmt 21. gr. Laga um menningarminjar nr. 89/2012 skal fylgja 100 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstra minja og 15 m friðhelgað svæði út frá friðuðum fornleifum. Vegna þessa var einnig tekið út svæði í 15 m fjarlægð frá mörkum deiluskipulagsins, engar friðlýstar fornleifar eru staðsettar á eða við skráningarsvæðið. Skráningarsvæðið er innan landamerkja tveggja jarða, Hóla vestan Reykjadalárs, og Litlu-Lauga austan árinna. Austan ár stendur Lýðskólinn á Laugum sem stofnaður var 1925 og gaf Sigurjón Friðriksson á Litlu-Laugum land undir skólann, þéttbýlið á laugum byggðist svo upp á seinni hluta 20. aldar (Helgi Jónasson, Jóhanna Á, Steingrímsdóttir & Erlingur Arnórsson 1985:374). Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta skráningarsvæðisins. Árið 1999 skráði Orri Vésteinsson fornleifar vegna vinnu við deiluskiplag á lóð Laugaskóla og landi Litlu-Lauga og Hóla (Orri Vésteinsson 1999). Árin 2022 og 2024 var svo lítill hluti skráningarsvæðisins skoðaður vegna lagningu jarðstrengs (Kristjana Vilhjálmsdóttir 2022; Hákon Jensson 2024)

Fornleifaskráning

Í heildina voru skráðar 45 minjar, stór hluti eða 19 höfðu verið skráðar í fyrri skráningu (Orri Vésteinsson 1999). Voru áður skráðar minjar staðsettar og mældar inn við skráningu nú. Við fornleifaskráninguna voru helstu heimildir skoðar svo sem eldri skráningar, búnaðarrit, örnefnaskrár, túnakort, gamlar og nýjar loftmyndir o.s.frv. Ásamt þessu var gengið um allt svæðið og það skoðað á vettvangi.

Hólar og Lautir

Hóla er fyrst getið í kaupbréfi frá árinu 1437 er Björn Sæmundsson á Einarssstöðum keypti Hóla og Daðastaði, jörðin er svo komin í eign Einarssstaðakirkju á 16. öld. Er í því bréfi þess getið að fallið bænhus sé á staðnum sem bendir til þess að búseta á staðnum hafi hafist um eða stuttu eftir landnámsöld (Orri Vésteinsson 1999:9; Íslenzkt Fornbréfasafn IV:565). Hólar er metin 20 hundruð að dýrleika árið 1712 í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og í Jarðatali Johnsen frá um 1845. Heimildir eru um þrjú afbýli frá Hólum: Hólagerði einnig nefnt Valdys, Bollastaðir og Kárastaðir. Byggð hefur trúlega verið nokkuð skammvinn á Bolla- og Kárastöðum en eitthvað lengri í Hólagerði/Valdys en öll býlin eru þó löngu komin í eyði á 17. Öld (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:184-185; Orri Vésteinsson 1999:10; Jón Johnsen 1847:329).

Lautir er nýbýli úr landi Hóla sem byggist upp 1947 af Garðari Jakobssyni frá Hólum og Þorgerði Glúmsdóttur frá Vallakoti (Helgi Jónasson, Jóhanna Á, Steingrímsdóttir & Erlingur Arnórsson 1985:398).

[3481-001] bæjarhóll – bæjarstæði – Hólar

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:001] og er þeim þar líst nokkuð ítarlega:

„Núverandi íbúðarhús á Hólum er frá 1929 og var það reist á vestasta hluta torfbæjarins, þar sem skemma var í miðri

bæjarhúsaröðinni. Sunnan við hana voru bæjardyr og stofa undir einu þaki og stóð það hús á meðan steinhúsið var byggt. Norðan við skemmuna var smiðja og var hún færð austar er steinhúsið var byggt og stóð lengi þar aftan við húsið. Torfbærinn hefur því að mestum hluta verið austan við steinhúsið. Steinhúsið sjálft var grafið niður á fast og síðar hefur verið byggð við það skúrbygging, að hluta með steinveggjum, sem nær að líkindum yfir mestallt gamla bæjarstæðið. Austan við þessa byggingu er steypur kjallari, líklega gamalt haughús. Nyrsti torfveggurinn úr gamla bænum stendur enn norðan við skúrbygginguna. Trjágarður er á syðri hluta bæjarstæðisins, þar sem stofa og búr voru en steypit skúrbygging er á stærri hluta bæjarstæðisins, norðanmegin. Að sunnan og vestan er aðkeyrsla og hlað. Að norðan og austan er grasi gróinn hvammur og hefur verið talsvert rask, einkum austan við.

Til eru ljósmyndir af bænum frá árunum í kringum 1930, ein frá því milli 1924 og 1929, áður en steinhúsið var byggt, og sjást þá stafnarnir þrír vel, stofa og bæjardyr syðst, þá skemma og smiðja nyrst. Önnur er frá um 1930 og sést þá steinhúsið nýbyggt en stofan stendur enn sunnanvið. Á þriðju myndinni er stofan horfin en glittir í kofa aftan við steinhúsið, sú mynd er tekin eftir að íþróttahúsið á Laugum var byggt. Bæjardyrnar voru norðanmegin í stofuhúsinu og var stofan alþiljuð sunnan við þær. Í stofunni var lokrekkja í austurenda og innbyggður klæðaskápur sem var öfundarefni húsmæðra í sveitinni.



Mynd 1. Bæjarstæði [3481-001], mynd tekin til suðurs.

Annað rúm var við vesturvegg. Dyr upp á loft voru vestast. Á loftinu var kista og þar var geymt gestabrauð en einnig ull og fleira. Úr bæjardyrum var fyrst gengið til norðurs í skemmuna en hún hafði ekki dyr fram á hlað. Inn af bæjardyrum tóku við göng og var fyrst búr að sunnan og eldhús andspænis því að norðan. Innst var svo baðstofa. Inn af norðurenda eldhússins var 3 kúa fjós og voru göng úr því út úr bænum til norðurs. Fjósið var eina húsið á bænum sem hrundi í Húsavíkurskjálftanum. Norðan við baðstofuna var fjóshlaða og voru göng milli hennar og eldhússins. Norðan við skemmuna var smiðja, nyrsta húsið við hlaðið og hafði hún eigin dyr og var ekki innangengt úr henni í önnur hús bæjarins. Stofan stóð til 1931 en viðirnir úr henni voru þá keyptir af Laugaskóla og var hún varðveitt þar uppi á lofti um skeið en ekki er vitað hvað hefur orðið af viðunum síðan. Smiðjan var færð til austurs er steinhúsið var byggt og stóð hún lengi ásamt fjósinu og eldhúsinu aftan við steinhúsið, smiðjan norðan við en hin húsin austan við. Trjágarðurinn er á um 1 m hárrí upphækkun miðað við aðkeyrsluna sunnan við en annars er ekki bæjarhóslmyndun að sjá á þessum stað.

Á áttunda áratug 20. aldar var unnið við gröft fyrir rafmagnskapli úr íbúðarhúsinu og vestur í nýtt fjós á Hólshúshóli. Þá komu í ljós dýrabein er grafið var í gegnum öskuhaug í hlaðinu og ýmsir gripir, þar á meðal kambur sem nú er á Þjóðminjasafni og er talinn vera frá um 1300. Meðal dýrabeinanna voru bein úr svínum en það bendir til hás aldurs byggðarinnar því svín voru ekki algeng nema á fyrstu áratugum byggðar á Íslandi.“ (Orri Vésteinsson 1999:15).

Engar ummerki sást um frekari minjar á staðnum við fornleifaskráningu nú. Austan og norðan við íbúðarhúsið er mikill og þykkur gróður ásamt trjágarðinum ekki sást móta fyrir minjum á svæðinu.

[3481-002] heimild – legstaður

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:024] og um þær segir:

„Árið 1924 var unnið við vegarlagningu í hólnum austan við Hólabæ og komu þá í ljós mannabein, nokkrar beinagrindur og man Garðar Jakobsson eftir að hafa séð 3-4 hauskúpur á



Mynd 2. Hólendinn við veginn þar sem hluti mannabeinanna fannst.

bakkanum. Þessi vegur er nú heimkeyrslan að Hólum. Á henni er ristarhlið um 50 m austur af bæjarstæðinu 001 en vestan við það hefur verið grafið í hólinn fyrir veginum á um 20 m kafla og virðist sem allmikið efni hafi verið tekið úr honum. Á ljósmynd frá um 1930 sést að þá hefur vegurinn legið. um rás, eins og traðir, í hólinn á 20-30 m kafla, en suðurhliðin er nú horfin og mögulega hefur hólinn lækkað nokkuð. Garðar Jakobsson getur um þennan fund í grein um eyðibýli í Reykjadal: "Talið er að kirkja hafi verið í Hólum, en þá líklega í kaþólskum sið og víst er það að beinagrindur nokkrar fundust þegar ruddur var vegur að Laugum þegar þar voru fyrstu byggingaframkvæmdir ... " Malarhóll, gróinn að vestan en gróðurlaus að austan og sunnan. Beinir komu upp vestan í hólnum og telur Garðar Jakobsson að þær gæti hafa mótað fyrir hleðslu en haugur var borinn á þennan stað í fyrri tíð og ummerki því ekki glögg. Kristján Eldjárn mun hafa komið að Hólum og gert athugun á grafreitnum. Síðan 1995 hafa mannabein blásið fram í rofabarði í hólnum, norðan við veginn, og hefur þeim verið safnað saman og haldið til haga. Ekki er vitað hvar varð um beinin sem í ljós komu 1924 en saga er til um að einum lærleggnum hafi verið hent í Reykjadalssá. Nóttina eftir kom maður í draumi til þess sem leggnum hafði kastað og kvartaði yfir að honum væri kalt á fætinum. Engir gripir hafa komið í ljós á þessum stað og hefur verið álitnið að beinin væru úr kristnum grafreit. Bænhús var á Hólum á 15. öld og gæti það hafa staðið á þessum stað eða í Kirkjulaut 005. " (Orri Vésteinsson 1999:25-26).

Ágúst Þór Ámundason, barnabarn Garðars Jakobssonar, sem nú býr á hólum man eftir að hafa fundið bein á svæðinu þegar hann var barn. Taldi hann að beinin hafi komið upp á svæðinu milli

heimreiðarinnar að Hólum og vegarins sem liggur yfir Reykjadalsánnna, austan megin í malarhólnum sem Orri Vésteinsson lýsir. Suðaustan megin í hólnum þétt sunnan við heimreiðina má sá einstaka steina sem gætu hafa tilheyrt hleðslu á einhverjum tímapunkti.

[3481-003] tóft – bænhús - Kirkjulaut

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:005] og um þær segir:

„*Suður af Torfdalsklauf, vestan undir Kleiki, er kröpp laut, Kirkjulaut. Nafngift óviss, en um vesturbarm hennar lágu reiðgötur frá Hólahlaði, sem gætu hafa*



Mynd 3. Tóft [3481-003], mynd tekin til vesturs.

verið kirkjuvegur að Einarsstöðum." segir í örnefnalýsingu. Kirkjullaut er bolli eða hvilft ofan í hólinn NNV við bæinn. Vegurinn að Laugum er nú á norðurbarmi hennar en gamli vegurinn að Laugum, sem lá um hlað á Hólum, er á barminum vestan og sunnan megin. Sá vegur er sennilega upphlaðinn að vestanverðu. Reiðgötur sjást vestanmegin í lautinni þar sem boginn á gamla veginum er mestur. Austan við norðurenda þeirra er tóft. Hún er í vesturhluta lautarinnar. Garðar Jakobsson getur um tóftina í Kirkjulaut í grein um eyðibýli í Reykjadal: "Talið er að kirkja hafi verið í Hólum, en þá líklega í kaþólskum sið og víst er það að beinagrindur nokkrar fundust þegar ruddur var vegur að Laugum ... og stuttan spöl norðan við Hólabæ er laut sem heitir Kirkjulaut. Þar eru menjar um kofa, en smá hefur sú kirkja verið, eða eins og dálítill hrútakofi."

Grasigróin hvilft. Ofan í hana hefur verið velt steinunum Kleikum (Kleikar - nafn á steinum á hólnum Kleiki). Lautin var í túnjaðri við leiðina að bænum úr norðri. Norðan við eru malarhólar og lautir á milli.

Í sölubréfi fyrir Hóla frá 26.1.1437 kemur fram að kaupandinn skyldi svara fyrir bænhús á Hólum sem væri fallið niður - DI IV 565. Ekki er vitað hvar þetta hús hefur staðið og kemur tóftin í Kirkjulaut til greina sem og grafreitirinn 024 austan við bæinn. Tóftin í Kirkjulaut er sporöskjulaga og hefur suðurveggurinn sérílagi sigið ofan í lautina þannig að hann virðist bogadreginn. Veggir eru vel stæðilegir. Tóftin snýr sem næst A-V og er

vesturendinn heldur mjórri en austurhliðin. Reiðgötur sjást fast vestan við tóftina, á um 20 m bili og eru um 6 m breiðar. Þær hverfa undir gamla vegarstæðið bæði að norðan og sunna. Ekki eru til sagnir um að þessi tóft sé af kirkjunni en heimamenn á Hólum hafa jafnan talið að tóft þessi væri af kirkju.“ (Orri Vésteinsson 1999:17-18).

Tóftin er nú gróin miklu og háu grasi og er lag hennar nokkuð illgreinanlegt, þó má vel sjá að um tóft sé að ræða. Mælingar nú stemma ágætlega við teikningu úr fyrri skráningu á austurhluta tóftarinnar en inngangur virðist vera á henni til austurs sem ekki er gert grein fyrir í fyrri skráningu.

[3481-004] leið – reiðgötur

Minjanna er getið í fyrri fornleifaskráningu en eru ekki skráðar á sérstöku númeri. Um þær segir:

„Reiðgötur sjást vestanmegin í lautinni þar sem boginn á gamla veginum er mestur. ... Reiðgötur sjást fast vestan við tóftina, á um 20 m bili og eru um 6 m breiðar. Þær hverfa undir gamla vegarstæðið bæði að norðan og sunna.“ (Orri Vésteinsson 1999:18).

Eru göturnar nú að mestu horfnar í gróður og sáust ekki við vettvangsskoðun.

[3481-005] heimild – kofi – Kofahóll

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [Sp-270:018] og um þær segir:

"Hóllinn sem . . . íbúðarhús beint vestan Hólabæjar, stendur á, heitir Haughóll. Norðvestur af honum er lægð í túnið, Leyningur og vestan hans lítill hóll,

Kofahóll." segir í örnefnalýsingu. Beint norður af Lautum skerst tún til norðurs inn á milli holtanna og er það kallað Leyningur. Túnið er að mestu í botni lægðarinnar en vestanmegin syðst hefur það verið ræktað upp á ávalann hól. Sunnan við hann er Hólshúshóll og rennur bæjarlækurinn á milli. Norðan við hól þennan er túnflöt þar sem



Mynd 4. Kofahóll [3481-005], mynd tekin til suðurs.

Leyningur sveigir til vesturs. Kofi var uppi á þessu ávala hól, syðst. Hann hefur verið um 90 m vestur af norðurenda bæjarins 001 og um 40 m VNV af Hólshúsum.

Nú tún. Ofan við eru grasi gróin holt sem eru nú orðin athafnasvæði. Lækur rennur um 10 m sunnan við kofastæðið.

Um 1920 var tóftarbrot á þessum stað og var það sléttað laust eftir 1940. “ (Orri Vésteinsson 1999:24).

Ekki sáust nein ummerki um minjarnar á vettvangi.

[3481-006] heimild – hesthús – Litlahesthús

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:019] og um þær segir:

„Hóllinn, sem Lautir standa á, heitir Hesthúshóll. Á honum var Litlahesthús.“ segir í örnefnalýsingu. Hesthúshóll er um 40 m VSV af bænum 001. Uppi



Mynd 5. Hesthús hóll þar sem Litlahesthús [3481-006] stóð og nú stendur þar íbúðarhúsið á Lautum, mynd tekin til vesturs.

á honum stendur nú íbúðarhúsið Lautir, en hesthúsið var rífið þegar það var byggt 1947. Íbúðarhús á steiptum sökkli, aðkeyrsla norðanmegin, en garður í kring að sunnan og austan. Tún í kring.

Litlahesthús rúmaði tvo hesta og var heystæði sunnan við það, garður hlaðinn í mjaðmarhæð. Notað sem hesthús fram undir 1940 en eftir það sem reykhus þar til það var rífið 1947. “ (Orri Vésteinsson 1999:24).

Ekki sáust nein ummerki um minjarnar á vettvangi

[3481-007] heimild – fjárhús – Hólshús

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:020] og um þær segir:

„Ofan Lautu er brött brekka upp á háan hól, sem ekki ber þó mikið af landinu á bak við hana, Hólshúshóll, og á honum fjárhús, Hólshús." segir í örnefnalýsingu. Hólshús voru uppi á háum hól um

100 m vestan bið bæinn 001, og heldur sunnar þó, og um 60 m vestur af Lautum (sbr. Litlahesthús 019). Þar standa nú steipt fjárhús með hlöðu aftan við og steipt fjós áfast að sunnan. Hólshús voru þar sem fjárhúsið er nú.

Hár hól með brattri brekku að austan en sléttlendara að vestan. Áður í túnjaðri, nú byggingar og athafnasvæði.

Hólshús voru þrjú fjárhús sambyggð og samfelld hlaða aftan við. Samtals rúmuðust 90 kindur í þessum húsum. Garðar voru eftir miðju í hverju húsi. Hlaðan var mikið niðurgráfin að vestanverðu en gólfhennar hækkaði til austurs. Torfhlaðið en 3 burstir snéru í austur.“ (Orri Vésteinsson 1999:24).

Ekki sást nein ummerki um minjarnar á vettvangi.

[3481-008] heimild – fjárhús – Miðhús

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:022] og um þær segir:

„Suður og niður af Hólshúshóli var Miðhúshóll, og á honum fjárhús, Miðhús. Á milli þessara hóla var Miðhúslaut." segir í örnefnalýsingu. Miðhús voru um 25 m austur af norðurenda Stórhúsa



Mynd 6. Fjárhúsin á Hólshúshól þar sem áður stóðu Hólshús [3481-007], mynd tekin til suðurs.



Mynd 7. Horft yfir svæðið þar sem áður stóðu Miðhús [3481-008], íbúðarhúsin á Latum og Hólum sjást í bakgrunni, mynd tekin til norðausturs.

og um 80 suður af Hólshúsum, 40-50 m VNV af Stórahesthúsi. Á þessum stað er nú hólbunga í túninu og liggur vegarslóði eftir henni neðan af Kvihóli og suður á túnin.

Áður tún, nú túnjaðar og vegarslóð.

Miðhús voru 30-40 kinda hús. Hlaða var sambyggð að vestan og stóð hún frn yfir 1950.

Fjárhúsin voru hrunin mun fyrr og stóð hesthús um skeið á rústum þeirra. Ekkert sér nú til byggingaleifa á þessum stað.“ (Orri Vésteinsson 1999:25).

Ekki sáust nein ummerki um minjarnar á vettvangi, svæðið er að mestu gróið og lítil ummerki sjást um veg þann er segir frá í fyrri skráningu.

[3481-009] heimild – hesthús – Stórahesthús

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:021] og um þær segir:

„Beint suður frá Lautum á lítilli hæð var Stórahesthús og ofan við það flati í túni, Hesthúsflöt.“ segir í

örnefnalýsingu. Stórahesthús var um 130 m beint suður af Lautum og

80 m austur af Stórhúsum. Þar er flatur hóll í túninu sem sést vel frá bæ, og ber þar í spennuvirki sem er um 30 m sunnan við.

Í túni.

Stórahesthús tók 3 hesta. Það hefur verið sléttað undir tún en uppi á hólnum sjást þó hvompur á um 15x10 m svæði. Um 20 m vestan við suðurenda Stórahesthúss voru óljós tóftabrot sem Garðar Jakobsson man eftir - þar er nú rennslétt tún.“ (Orri Vésteinsson 1999:25).

Lár hóll sést enn á staðnum, gróin njóla og grasi. Engin ummerki önnur sjást um mannvirkið sem þar stóð.



Mynd 8. Lár hóll þar sem áður stóð Stórahesthús [3481-009], mynd tekin til austurs.

[3481-010] tóft – fjárhús – Stórhús

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:009] og um þær segir:

„Ofan við túnhorn að sunnan var lítið mýrarsund, Stórhúsmýri og ofan þess holt, Stórhúsholt. Upp úr Stórholtsmýri, norðan Stórhólts var Stórhúsgeiri. . . . Suður af Hólshúshóli, rétt við



Mynd 9. Tóftir Stórhúsa [3481-010], mynd tekin til suðurs.

vallargarð voru fjárhús, Stórhús, og neðan við þau Stórhúsbrekka." segir í örnefnalýsingu. Tóft Stórhúsa sést enn í túnjaðrinum suðaustan við Kvíhól, um 100 m SSV af Hólshúsum og um 100 neðan (ANA) við íbúðarhúsið Langholt. Í túnjaðri, á hólbrún og er bratt niður af austur af en húsin stóðu langsum á blábrúninni. Vestan við er allstór grashvammur með mýri í botninum (Stórhúsmýri). Stórhús voru byggð austan í vallargarðinn 010, og voru fjárhús syðst, hlaða norðan við þau og kofi þar norðan við. Syðri hólfin tvö eru mun skýrari og eru veggir þeirra hlaðnir úr stóru grjóti, allt að 4 umför. Skilveggur milli fjárhúss og hlöðu er úr torfi og grjóti. Nyrðra hólfið (hlaðan) er mun dýpra. Norðan við hana er lítið hólfi byggt utan í framhald túngarðsins norður úr Stórhúsum. Veggjabreidd 1-1,5 m.“ (Orri Vésteinsson 1999:19-20).

Tóftin er byggð upp við túngarðinn [3481-011] og þjónar hann sem austurveggur tóftarinnar. Mikið og hátt gras vex nú í tóftinni og hluti hennar orðinn nokkuð illgreinanlegur. Tvö rými eru vel greinileg, hlaðan í miðjunni og fjárhúsin þar sunnan við. Inngangur er inn í fjárhúsin austan megin og gegnt er á milli fjárhúss og hlöðu. eru bæði hlaðan og fjárhúsið um 3x6 m að stærð. Ekki sást greinilega móta fyrir kofatóftinni norðan við hlöðuna á vettvangi vegna mikils gróðurs en miðað við lýsingar og teikningar í fyrri skráningu er hún litlu minni en hlaðan með inngangi til norðurs. Veggir tóftarinnar eru að mestu hlaðnir grjóti og eru á bilinu 0,4-0,8 m á hæð og 1-1,5 m á breidd.

[3481-011] garðlag – túngarður – Vallargarður

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:010], um þær segir:

„Norðan Stórhúsmýrar [009], við Vallargarð, var Kvíhóll ... " segir í örnefnalýsingu. Vallargarður náði áður í kring um allt túnið en sést nú aðeins við suðvesturhorn þess, suður af Stórhúsum 009. Þar er

hann á 60 m kafla en hverfur þegar hann hefur beygt til austurs.

Áður í túnjaðri en nú eru tún eða athafnasvæði, byggingar og vegir, þar sem hann var.

Vallargarðurinn náði um allt túnið að sunnan, vestan og norðan en að austan var áin.

Honum var haldið við uns hann fór að falla fyrir stækkandi túni, fyrst 1928 að sunnanverðu.

Örlitill spotti gengur nú norður úr Stórhúsum, en lengri kafla er sunnan við. Næst húsunum er garðurinn sprunginn og sokkinn, en í brekkunni þar sem hann byrjar að beygja til austurs stendur hann mjög vel, með beinar hliðar báðum megin.“ (Orri Vésteinsson 1999:20).

Vallargarðurinn er enn vel greinilegur og hefst um 9 m norðan við Stórhús [3491-010] og liggur til suðurs og suðausturs á um 95 m löngum kafla ef Stórhús tóftin er tekin með. Garðlagið er á bilinu 0,3-0,6 m á hæð og um 1-1,5 m á breidd hlaðið grjóti. Girðing liggur yfir garðinum á litlu svæði.



Mynd 10. Vallargarður [3481-011], sunnan við Stórhús, mynd tekin til norðvesturs.

[3481-012] heimild – kvíar – Kvíhóll

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:010] og um þær segir:

„Norðan Stórhúsmýrar [009], við Vallargarð [010], var Kvíhóll og austan í honum Kvíar. Ofan Kvíhóls var Kvíhólsmýri og náði upp að brekku og suður með henni



Mynd 11. Braggi og vegur ofan við hann á Kvíahól þar sem áður voru kvíar [3481-012], mynd tekin til suðurs.

að Vallmó." segir í örnefnalýsingu. Kvíhóll er suðvestan við Hólshúshól og norðvestan við Stórhús 009. Hann er mjög brattur að sunnan og austan en að vestan hefur hann aðeins verið smábunga á brúninni. Á hólnum stendur nú útihús, stór braggi á steyptum sökkli og steyptar skúrbyggingar austan við. Við hólinn voru tvær kvíatóftir, önnur austanundir en hin sunnanundir, niðri í hvamminum vestan við Stórhús 009.

Brattur hól á brekkubrún og var mýri ofan við, Kvíhólsmýri, nú tún. Sunnan og neðan við var hvammur með mýri, Stórhúsmýri en austan og norðaustavið var vallargarðurinn 010 og túnið. Á hólnum er nú útihús og athafnasvæði allt í kring. Syðri kvíarnar hafa verið um 30 m vestur af norðurenda Stórhúsa og hafa lent undir fyllingu sem sett hefur verið til að gera að keyrslu að útihúsinu uppi á hólnum. Eystri kvíarnar hafa verið enn nær túngarði, undir brattri brekkunni í austurhlið Kvíhóls en þar hefur verið mikið rask vegna bygginga. Hætt var að færa frá á Hólum 1913.“ (Orri Vésteinsson 1999:20).

Engin ummerki sjást um minjarnar á svæðinu.

[3481-013] heimild – mógrafir – Svarðargrafir

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:007] og um þær segir:

„Mýrarlægð er norðvestan hólklasans [beint suður af Hólatúni], heitir hún Sund. Þar var mikil og góð mótekja og sér fyrir gröfum enn. Þar heita



Mynd 12. Horft yfir svæðið þar sem áður voru svarðargrafir [3481-013], mynd tekin til vesturs.

Svarðargrafir. Var mótekjan stunduð frá fleiri bæjum. Þurrkuðu bændur móinn á hólunum, og hlutu þeir á tímabili nöfn eftir þeim, er notuðu þá til þurrkvallar hverju sinni, Bensahóll, Stjánahóll, Sæmundarhóll og Læknishóll. Þau nöfn hafa ekki festst við þá og voru tímabundin." segir í örnefnalýsingu. Sund er beint suður af trjáreit sem er sunnan við íbúðarhúsið Langholt, um 300 m suður af Kvíhól..

Mýrarsund milli gróinna malarhóla, um 1 ha að stærð, hefur nú verið sléttað undir tún. Nú sér hvergi til grafa á þessu svæði. Mór var grafinn í Sundi fram um seinni heimsstyrjöld en ekki þó frá Hólum því þar var komið heitt vatn í hús 1931 og rafmagn

1933. Mórinn á þessum stað þótti mjög góður og var 12-13 stungur þegar búið var að taka 3 stungur ofan af. 2 leirlög voru í mónum og lurkalög. Hólarnir sem kallaðir eru - hólar í örnefnalýsingu voru í tali manna kallaðir -holt. Einu hólarnir voru Háihóll og Sorthóll en allir aðrir voru - holt. Sæmundarholt og Læknisholt eru sama holtið. Næst bæ var Heimaholt.“ (Orri Vésteinsson 1999:19)

Engin ummerki um mógrafir á svæðinu.

[3481-014] tóft – stekkur – Stekkjarholt

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-270:006] og um þær segir:

„Sunnan graseyrarinnar meðfram ánni [sunnan bæjar] er holtrani, Stekkjarholt flet.“ segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er austanundir nyrsta rana




Mynd 13. Stekkur [3481-014], mynd tekin til suðurs.

Stekkarhóla, um 70 m vestan við Reykjadalssá og 20 m sunnan við skurð sem er sunnan við syðsta túnið á árbakkanum. Tóftin er undir lágu holti og eru lyngmóar í þeim, gróin holt suður af, grónar áreyrar að austan en móar - nú tún - norðan við. Tvískipt stekkarjóft með venjulegu lagi. Botn króarinnar er um 1 m hærri en botn réttarinnar. Stekkurinn er byggður inn í brekkufót. Grjóthleðslur sjást ekki. Dyr eru í austur út að áreyrunum.“ (Orri Vésteinsson 1999:18-19)

Minjarnar eru enn vel greinilegar og vaxin nokkuð þéttu og háu grasi. Stekkurinn suður undir lágri brekku og fellur suðurveggur hennar inn í brekkuna. Veggir tóftarinnar eru um 0,3-0,6 m háir og 1-1,5 m breiðir.

[3481-015] heimild – garðlag

Á loftmynd frá 1976 má sjá móta fyrir garðlagi sem þverar dalverpi um 50 m norðan við Torfadalsklauf. Nú er þar Syðstatjörn, manngerð tjörn sem tekur við frárennsli frá Laugafiski. Ekki sáust nein ummerki um garðlagið á vettavangi.



Mynd 14. Austurbakki Syðstatjarnar þar sem áður var garðlag [3481-015]. Mynd tekin til norðausturs.

[3481-027] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 110 m beint ofan við Dalakofann.

Um er að ræða 0,2-0,5 m djúpa og 1,5x2 m stóra, sporöskjulaga kolagröf. Önnur kolagröf [3481-028] var skráð um 16 m sunnar. Kolagröfin er hluti af þyrpingu 5 kolagrafa á nokkuð afmörkuðu svæði í brekkunni ofan við Dalakofann. Í heildina

voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 15. Kolagröf [3481-027], mynd tekin til norðausturs.

[3481-028] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 124 m ofan við Dalakofann, 16 m sunnan við kolagröf [3481-027].

Kolagröfin er um 0,1-0,3 m djúp, 1x1,5 m á stærð og gróflega ferhyrningslaga.

Minjarnar eru nokkuð illgreinanlegar.

Kolagröfin er hluti af þyrpingu 5

kolagrafa á nokkuð afmörkuðu svæði í

brekkunni ofan við Dalakofann. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 16. Kolagröf [3481-028], mynd tekin til norðurs.

[3481-029] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 150 m ofan við Dalakofann, 15 m suðvestar er kolagröf [3481-030]. Um er að ræða 0,8-1 m djúpa og 1,3x1,8 m stóra ferhyrningslaga kolagröf. Kolagröfin er hluti af þyrpingu 5 kolagrafa á nokkuð afmörkuðu svæði í brekkunni ofan við

Dalakofann. Í heildina voru skráðar 13

kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 17. Kolagröf [3481-029], mynd tekin til norðvesturs.

[3481-030] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 165 m ofan við Dalakofann, 15 m norðaustar er kolagröf [3481-029]. Um er að ræða 0,3-0,4 m djúpa og 1x1,7 m stóra kolagröf sem er nokkuð óregluleg í laginu. Kolagröfin er hluti af þyrpingu 5 kolagrafa á nokkuð afmörkuðu svæði í brekkunni ofan við Dalakofann. Í heildina



Mynd 18. Kolagröf [3481-030], mynd tekin til suðvesturs.

voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)

[3481-031] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar um 150 m ofan við íbúðarhúsið að Lautavegi 8 í aflíðandi móa. Um er að ræða 1,5x1,8 m stóra og 0,3x0,4 m djúpa kolagröf. Niðurgröfturinn virðist vera hringlaga og barmur hans er lítillaga uppbyggður. Um 37 m sunnan við kolagröfina er önnur kolagröf [3481-032]. Í heildina voru



Mynd 19. Kolagröf [3481-031], mynd tekin til norðausturs.

skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)

[3481-032] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar um 180 m ofan við íbúðarhúsið að Lautavegi 11 í aflíðandi móa. Um er að ræða 1,8x2,3 m stóra og 0,4x0,7 m djúpa kolagröf. Kolagrafin fellur lítillega inn í brekku og er neðri hluti hennar ferhyrningslaga en óreglulegri að ofan, ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Um 37 m




Mynd 20. Kolagröf [3481-032], mynd tekin til vesturs.

norðan við kolagröfina er önnur kolagröf [3481-031]. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)

[3481-033] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 120 m ofan við Dalakofann. Um er að ræða 0,2-0,6 m djúpa og 1,6x1,8 m stóra kolagröf. Kolagröfin er ferhyrningslaga og virðist sem að lítill lækur hafi runnið úr henni á einhverjum tímapunkti.



Mynd 21. Kolagröf [3481-033], mynd tekin til norðvesturs.

Kolagröfin er hluti af þyrpingu 5 kolagrafa á nokkuð afmörkuðu svæði í brekkunni ofan við Dalakofann. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)

[3481-034] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 100 m ofan við Kjarnann á Laugum. Um er að ræða 1,5x1,1 m stóra og 0,4-0,5 m djúpa kolagröf. Gröfin er á milli þess að vera ferhyrnings- og hringlaga og barmur hennar stendur lítillega upp úr móanum í kring. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við



Mynd 22. Kolagröf [3481-034], mynd tekin til norðausturs.

byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)

[3481-035] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 140 m ofan við íbúðarhúsið Hella á Laugum. Um 2 m ofan við kolagröfina er önnur litlu minni [3481-036]. Kolagröfin er 1,2x1,4 m að stærð, 0,2-0,3 m djúp og ferhyrningslaga. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 23. Kolagröf [3481-035], mynd tekin til suðvesturs.

[3481-036] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 140 m ofan við íbúðarhúsið Hella á Laugum. Um 2 m neðan við kolagröfina er önnur litlu stærri [3481-035].

Kolagröfin er 0,7x1,3 m að stærð, 0,3-0,4 m djúp og ferhyrningslaga. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við

þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 24. Kolagröf [3481-036], mynd tekin til vesturs.

[3481-037] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa um 140 m ofan við íbúðarhúsið að Hólavegi 2. Rúmlega 20 m norðan við kolagröfina liggur garðlag [3481-038]. Um er að ræða ferhyrningslaga 0,1-0,2 m djúpa og 1,4x1,7 m stóra kolagröf. Gröfin er nokkuð grunn og illgreinileg, efri brún hennar er hvöss en neðri hlið hennar

aflíðandi. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 25. Kolagröf [3481-037], mynd tekin til norðurs.

[3481-038] garðlag – vörslugarður

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi móa ofan við götuna Hólaveg í þéttbýlinu á Laugum. Garðlagið er á korti Árna Einarssonar sem birtist í ritinu *Tíminn Sefur*, og er hluti að stóru kerfi garða sem liggja um alla sveitina (Árni Einarsson 2019:152). Annað garðlag [3481-044] var skráð um 220 m sunnar. Garðlagið er í heildina 350 m og er hluti af lengri



Mynd 26. Garðlag [3481-038], mynd tekin til vesturs.

görðum sem liggja utan skráningarsvæðisins. Vestari hluti garðlagsins liggur í ferhyrning og myndar um 40x63 m stórt aðhald, suðurhlíð aðhaldsins heldur áfram niður brekkuna og endar stutt ofan við lóð Hólavegar 6. Garðurinn er misvel greinanlegur og stærð hans er breytileg, á bilinu 0,1-0,8 m á hæð og 1-2,5 m á breidd. Mjór troðningur hefur myndast á þeim hluta garðsins sem liggur neðar í brekkunni. Trúlega er garðlagið hluti af fornum hagagarði sem tilheyrir hefur Hólum.

[3481-039] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í aflíðandi móa, um 40 m ofan við Hólaveg 6, 14 m norðan við austasta hluta garðlags [3481-038]. Um er að ræða 1,7x2 m stóra og 0,2-0,8 m djúpa ferhyrningslaga kolagröf sem er að litlu leiti tekin inn í brekkuna. Önnur litlu minni kolagröf [3481-040] er um 2 m ofar. Í heildina voru skráðar 13 kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 27. Kolagröf [3481-039], mynd tekin til vesturs.

[3481-040] niðurgröftur – kolagröft

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í aflíðandi móa, um 40 m ofan við Hólaveg 6, 14 m norðan við austasta hluta garðlags [3481-038]. Um er að ræða 1x1,2 m stóra og 0,1-0,2 m djúpa ferhyrningslaga kolagröf. Önnur litlu stærri kolagröf [3481-039] er um 2 m neðar. Í heildina voru skráðar 13

kolagrafir í brekkunni ofan við byggðina á Laugum vestan við þjóðveg og er svæðið merkt sem kolagrafasvæði á korti Árna Einarssonar í bókinni *Tíminn Sefur* (Árni Einarsson 2019:152)



Mynd 28. Kolagröf [3481-040], mynd tekin til austurs.

[3481-041] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar um 50 m austan og neðan við heimreiðina að Hamraborg og 30 m ofan og vestan við Syðstutjörn. Garðlagið er greinilegt á um 25 m kafla og þverar lítinn læk sem rennur niður í tjörnina. Garðlagið er um 0,1-0,4 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Leifar girðingastaurs mátti sjá á einum stað í garðinum. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt en það gæti mögulegt tengst garðlagi [3481-015] sem lá utan við Torfadalsklauf og er nú horfið í Syðstutjörnina.



Mynd 29. Garðlag [3481-041], mynd tekin til suðausturs.

[3481-042] varða - óþekkt

Varðan stendur á melhól vestan og ofan við norðurhluta Syðstutjarnar, um 80 m austan við íbúðarhúsið á Hamraborg.

Varðan er um 1,5x1 m í grunninn og um 0,4 m á hæð, hlaðin meðalstóru grjóti.

Nokkuð af grjóti hefur hrunið úr vörðunni og liggur það umhverfis hana.

Varðan er vel gróin og er hægt og rólega að breytast í myndarlega fuglaþúfu.

Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt og engar aðrar vörður sáust í næsta nágrenni.



Mynd 30. Varða [3481-042], mynd tekin til austurs.

[3481-043] heimild – tóft

Minjanna er getið í fyrri fornleifaskráningu á svæðinu en eru ekki skráðar sérstaklega. Í lýsingu á Stórahesthúsi [SP-270:021] segir:

„Um 20 m vestan við suðurenda Stórahesthúss voru óljós tóftabrot sem Garðar Jakobsson man eftir – þar er nú rennslétt tún.“ (Orri Vésteinsson 1999:25)

Ekki sjást nein ummerki um minjarnar nú frekar en í fyrri skráningu.

[3481-044] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar neðarlega í móa í aflíðandi brekku beint ofan við

Dalakofann. Garðlagið er á korti Árna Einarssonar sem birtist í ritinu *Tíminn Sefur*, og er hluti að stóru kerfi garða sem liggja um alla sveitina (Árni Einarsson 2019:152). Annað garðlag [3481-038]

var skráð um 220 m norðar. Garðurinn er greinilegur á um 75 m löngum kafla en

hverfur svo í móann en líklegt verður að teljast að hann hafi legið að garðinum sem liggur ofar í



Mynd 31. Garðlag [3481-044], mynd tekin til vesturs.

brekkunni. Garðlagið er um 0,1-0,3 m á hæð og á bilinu 1,5-2,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega hefur það verið hluti af hagagarði líkt og garðlag [3481-038].

Litlu-Laugar

Litlu-Laugum bregður fyrst fyrir í rituðum heimildum árið 1528 og er jörðin þar kölluð Syðri-Laugar, um 1560 er Litlu-Laugar nafnið komið í notkun. Bendir nafn staðarins til þess að Litlu- og Stóru-Laugar hafi upprunalega verið ein jörð og heitið Laugar (Orri Vésteinsson 1999:10; Íslenskt Fornbréfasafn IX:454). Í Jarðabók Árna og Páls er jörðin metin á 20 hundruð að dýrleika og í eigu konungs, sama jarðamat er á jörðinni í Jarðatali Johnsen (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:190-191; Jón Johnsen 1847:330).

[3481-016] heimild – vað – Hólavað

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [Sp-289:007] og um þær segir:

„Venjulega var áin riðin norðar [en á Kirkjuvaði sbr. 006], þegar farið var frá L.Laugum vestur yfir ána. Var þá farið, ef ekki var mikið í ánni, á Hólavaði, en það var þar,

sem brúin við laugar er nú." segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur sennilega verið norðan við brúna en þar er áin heldur breiðari.

Um 10 m norðan við brúna er áin um 15 m breið og nokkuð jafndjúp.“ (Orri Vésteinsson 1999:32)



Mynd 32. Hólavað [3481-016], mynd tekin til vesturs.

[3481-017] heimild – sundlaug – Sundpollur/Skólatjörn

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-289:009] og um þær segir:

„Sunnan við Skipphól var bátлага hvilft. Um eða fyrir aldamótin 1900 var hlaðinn torfgarður þvert yfir hvilftina sunnanverða og laugalækjum ofan úr hlíðinni veitt í hvilftina. Þarna myndaðist þá

tjörn með ylvolgu vatni. Þarna var kennt sund á námskeiðum í mörg ár. Í daglegu tali var þessi tjörn kölluð Sundpollurinn eða Litlu Lauga sundpollur, og staðurinn þar sem sundpollurinn var, var jafna kallaður Sundpollur, þó ekkert vatn væri í pollinum, sem oftast var, nema meðan sund var kennt, sem helzt var á vorin. Eftir að Laugaskóli var reistur, var tjörnin stækkuð og löguð til, og er nú jafnan nefnd Skólatjörn.“ segir í örnefnalýsingu. Þar sem sundpollurinn var er nú stór tjörn með 2 hólum, milli Laugaskóla og yngra íþróttahús en eldra íþróttahús og húsmærðaskóli eru á austurbakka tjarnarinnar. Hún er um 80x40 m að stærð og hefur sundpollurinn án efa verið mun minni.

Allt umhverfi tjarnarinnar hefur verið lagað til, tré gróðursett á bakkanum og hliðar Skipphóls sem vita að tjörninni sléttaðar.

Hvergi sjást merki um fyrirhleðslu eða lækjarveituna.“ (Orri Vésteinsson 1999:33)



Mynd 33. Skólatjörn [3481-017] við Laugaskóla, mynd tekin til norðvesturs.

[3481-018] örnefni – Beinateigur/Beinateigshvammur

Beinateigur er staðsettur út og niður af Skollatungu, sunnan og neðan við Beinateig við ána er Beinateigshvammur. Í örnefnaskrá Litlu-Lauga segir:

„Engar sagnir hef ég heyrt um tildrög þessara nafna. Þau eru sennilega gömul, en það veit ég þó

ekki, nema þau voru til, þegar ég kom hingað.“ ... „Ég tel líklegt, að tildrög nafnsins á Beinateig hafi verið þau, að þar hafi einhvern tíma fyrr á dögum legið bein, sem blöstu við sjónum manna, sem þar áttu leið um. Kemur mér þá helzt í hug bein búfjár, sem þarna hafi átt sína seinustu daga eitthvert fellisvorið, en þau hafa verið mörg og eflaust skilið eftir sig beinaleifar. Engar sagnir hef ég þó heyrt um þetta, að þarna hafi bein legið, og engin bein voru þarna sýnileg þau ár, sem ég þekki hér til. En kindastöðvar voru þarna á vorin, því að þarna greri snemma, og skjólgott var þarna.“ (Örnefnaskrá Litlu-Lauga, viðbót, 1983:10-11)

Uppruni örnefnisins er ekki þekktur en um 200 m norðvestan við staðinn hefur fundist grafreitir [3481-002] og ekki er útilokað að örnefnið geti tengst því.

[3481-019] heimild – vað – Kirkjuvað

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [Sb-289:006] og um þær segir:

„[Bæjarlækur fellur] í Reykjadalsá, beint niður frá bænum. Þar var vað á ánni og hét það Kirkjuvað. Þegar Krikjuvað var farið frá L.Laugum var riðið

út í ána sunnan við lækjarósinn og stefnt norður í eyri, sem þar var í ánni. Úr eyrinni var



Mynd 34. Nýslegin sléttur völlu við Beinateig, mynd tekin til austurs.



Mynd 35. Kirkjuvað [3481-019], mynd tekin til vesturs.

síðan riðið suðvestur á árbakkann Hólamegin. Þarna breiddi áin úr sér og var jafnan reið í vatnavöxtum. Venjulega var áin riðin norðar, þegar farið var frá L.-Laugum vestur yfir ána." segir í örnefnalýsingu. Kirkjuvað var þar sem Bæjarlækurinn rennur í Reykjadalsá, beint niður af barnaskólanum, um 150 m suður af íþróttahúsi. Áin breytir sér ört og nú er þetta vað ekki öðrum fremra en víðast hvar er hæðarleikur að komast yfir ána á hestum. Til skamms tíma var notað vað sem var um 150 m sunnar, en áin hefur nú líka breytt sér þar.“ (Orri Vésteinsson 1999:32)

[3481-020] heimild – reiðgötur – Hólagata

Í örnefnaskrá Litlu-Lauga segir:

„Niður frá bænum af bæjarhlaðinu norðanverðu lá reiðgata í sveig niður varpann, eða öllu heldur rétt norðan við Varpann og niður túnið sunnan við Hólinn, niður á Undirvöll.

Þar lá gatan norður yfir Bæjarlækinn, en hann rann þarna í grunnu gili eða

niðurgröfnum farvegi, og var búarnefna þarna á Bæjarlæknum. Brú þessu var mannvirki gert af jarðvegi og upphlaðið. Frá Bæjarlæknum eða brúnni lá gatan norðvestur Beinateiginn, niður að Hólavaði á Reykjadalsá. Þessi gata var nefnd Hólagata og var aðalreiðvegurinn frá bænum. Frá vaðinu á ánni lá leiðin um túnið á Hólum, rétt sunnan við bæinn og áfram upp að vesturhlíð dalsins“ (Örnefnaskrá Litlu-Lauga, viðbót, 1983:1)

Mikið hefur verið hreyft við jarðvegi á svæðinu og enginn ummerki sjást um Hólagötu á staðnum.



Mynd 36. Malarplan við Undirvöll þar sem Hólagata [3481-020] lág, mynd tekin til suðurs.

[3481-021] heimild – brú

Í örnefnaskrá Litlu-Lauga segir:

*„Niður frá bænum af
bæjarhlaðinu norðanverðu lá
reiðgata í sveig niður varpann,
eða öllu heldur rétt norðan við
Varpann og niður túnið sunnan
við Hólinn, niður á Undirvöll.*

Þar lá gatan norður yfir

Bæjarlækinn, en hann rann þarna

*í grunnu gili eða niðurgröfnum farvegi, og var búarnefna þarna á Bæjarlæknum. Brú
þessu var mannvirki gert af jarðvegi og upphlaðið.“ (Örnefnaskrá Litlu-Lauga, viðbót,
1983:1)*



Mynd 37. Skurður sem bæjarlækurinn við Litlu-Lauga rennur nú um, mynd tekin til vesturs.

Bæjarlækurinn liggur nú í hálfgerðum skurði og nokkuð hefur verið hreyft við jarðvegi á svæðinu. Engin ummerki sáust um brúna á vettvangi.

[3481-022] heimild – fjárhús – Lækjarhús


Minjarnar voru skráðar í fyrri
fornleifaskráningu og fengu þar númerið
[SÞ-289:010] og um þær segir:

*„Norðan Bæjarlækjar, skammt
norður frá bænum og aðeins ofar,
var fjárhús, sem hét Lækjarhús.“
segir í örnefnalýsingu.*

Bæjarlækurinn hefur nú verið

*færður til norðurs, norður fyrir staðinn þar sem Lækjarhús stóðu. Þau voru innan við 20 m
norðan og austan við NA horn bæjarins sem enn sést sbr. 001.*

*Túnskiki milli bæjarhúss og afleggjara að sumarbústað sbr. 012 og er hann á bakka skurðar
sem Bæjarlækur rennur nú í. Húsið var áður í túni, í jaðri bæjarhóls en lækur rann á milli.“
(Orri Vésteinsson 1999:33).*



Mynd 38. Raskað svæði í nálægð við staðinn sem Lækjarhús [3481-022] stóðu, mynd tekin til suðvesturs.

Engin ummerki um Lækjarhús sáust á vettvangi og eru þau að öllum líkindum horfin vegna túnsléttunnar eða annarra framkvæmda á svæðinu. Greina má mannvirki á staðnum á loftmynd frá 1964.

[3481-023] heimild – fjárhús - Gerðishús

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-289:011] og um þær segir:

„Norðar og ofar á túninu [en Lækjarhús 010] voru tvö fjárhús með lítilli hlöðu milli. Þau hús hétu Gerðishús og eru nú horfin. Túnið í kringum húsin hét Gerðistún. . . syðra hús barnaskólans (reist 1965) er neðan við Gerðistún, rétt ofan við Skollatungu" segir í örnefnalýsingu. Gerðishús voru í brekkunni ofan við sparkvöllinn sem er ofan við syðra hús barnaskólans á Laugum, beint neðan við kjaftinn á litlu lækjargili sem síðan rennur í bæjarlækinn, ívið ofar en beint norður af Stórhúsum 012, um 70 m frá þeim og um 120 m frá bæjarhól 001.

Slétt túnflöt ofan við sparkvöll. Brekkunni var allri rutt niður er völlurinn var gerður og er örvænt um að nokkuð sé eftir af mannvirkjaleifum á þessum stað.“ (Orri Vésteinsson 1999:33).

Minjarnar eru horfnar vegna framkvæmda og engin ummerki sáust um þau á vettvangi.

[3481-024] örnefni – landamerki - Hólateigur

Í örnefnaskrá Litlu-Lauga segir:

„Laust eftir 1920 var girt milli Litlu-Lauga og Stóru-Lauga og Merkjalínan þá gerð bein. Færðust merkin þá ofurlítið norður, niður við ána og upp að Stórasteini, og liggur nú upp svonefndan Gólateig, sem var engjateigur syðst í landi Stóru-Lauga og kenndur við Hóla í Reykjadal.“ (Örnefaskrá Litlu-Lauga, 1966:1)

Á staðnum standa nú tvö íbúðarhús, Laugabrekka 1 og 2.

[3481-025] örnefni – Skiphóll

Minjarnar voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu og fengu þar númerið [SP-289:001] og um þær segir:

„Norðan við Beinateig, niður við ána, var og er allhár melhóll, gömul skriðjökulsýta. Sá hóll hét Skiphóll ... Árið 1924 var Laugaskóli ... reistur á Skiphól. ... Sunnan við Skiphól var

bátlaga hvílt. . . . Árið 1929 var Húsmæðraskólinn á Laugum reistur. Skólahúsið stendur einnig á Skiphól, sunnar en hús Laugaskóla, á hólrimanum austan Skólatjarnar." segir í örnefnalýsingu. Í viðbót við lýsingunni er nánari lýsing:

"Hóllinn er hæstur nyrzt og endaði þar í allhvössu nefi, og var allbratt norður af hólnefninu niður í lægð, sem var norðan við hólinn, og eins var bratt af hólnum þar til beggja hliða, niður að Reykjadalssá að vestan, en niður í áðurnefnda lægð að austan. Hólnefnið líktist því nokkuð skipsstefni að sjá frá norðri. Hóllinn breikkaði suður frá hólnefninu, og suður frá honum, þar sem hann hafði náð meiri breidd, gengu tveir melhryggir sinn hvoru megin við hvíltina,, . . . Þessir melhryggir voru líkir að hæð miðað við láréttalínu og lágu nokkuð samhliða og enduðu báðir 50-60 metra suður frá háhólnum, en suður frá þeim lá Beinategurinn, og var hvíltin opin suður í Beinateiginn, áður en stíflugarður var hlaðinn milli melhryggjanna ... Þegar horft var til Skiphóls suðaustan frá, t.d. frá bænum á Litlu Laugum, sem stóð nokkru hærra en Skiphóll, þá sá vel yfir hólinn og lægðina suður frá háhólnum og melhryggina beggja megin við lægðina. Þegar horft var á þessa náttúrusmíði frá þessu sjónarhorni, þá minnti það á skip. Háhóllinn með hið hvassa nef minnti á stefni, melhryggirnir á borðstokka og hvíltin á milli þeirra á skipsrými. Á þetta skip vantaði þó skutinn, því að opið var supur úr hvíltinni ... Ég efast ekki um það að nafn hólins er dregið af lögun hans." segir í viðbótum við örnefnaskrá

Skiphóll er allt að 8 m hár að vestan og er hæstur þar og norðanmegin. Hann er ekki minna en 100 m á hvora hlið og hefur verið hæstur að norðvestan en breiðastur að sunnan og hefur hann fjarað út til suðurs. Í hann að sunnan hefur verið allstór dæld og var þar gerður sundpollur 009, nú Skólatjörn. Hóllinn hefur því verið U-laga. Hann hefur tekið allmiklum breytingum vegna byggingaframkvæmda, verið lækkaður og hliðar hans sléttaðar.“ (Orri Vésteinsson 1999:32-33)

Hóllinn er að mestu leyti leiti horfinn vegna byggingaframkvæmda.

[3481-026] örnefni – mylla – Millueyri

Í örnefnaskrá Hóla og Lauta segir:

„Sunnan Barðs taka graseyrar við á ný, nyrzt Stekkjareyri, þá Krókeyri og upp af henni slakki í móabarðið, sem fylgir eyrunum að vestan, sá heitir Krókur, síðan Millueyri, kennd við millu austan ár.“ (Örnefnaskrá, Hólar og Lautir, 1968:4)

Millueyrin er á vesturbakka Reykjadalsár

þétt austan við skógræktina austan við íþróttavöllinn. Vegur liggur þétt við austurbakka árinna og ekki sáust nein ummerki um myllu á svæðinu.



Mynd 39. Millueyri [3481-026] á vesturbakka Reykjadalsár. Mynd tekin til vesturs.

[3481-045] jarðrækt – matjurtagarður

Á túnakorti Litlu-Lauga frá 1919 er merktur inn sáðreitir á staðnum. Á loftmynd frá 1964 má vel greina minjarnar. Aðeins hluti minjanna var greinilegur á vettvangi en bróðurpartur þeirra er horfin í skógrækt og annan gróður og voru minjarnar mældar upp af myndakorti loftmynda frá 1964. Garðlag

afmarkar sáðreitinn sem er ferhyrnt og er norðurhlið þess nokkuð lengri en suðurhliðin og afmarkar garðlagið um 40x50 m stórt svæði. Garðlagið er um 0.1-0.5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Nokkuð mikill skurður þverar miðjan matjurtagarðinn frá austri til vesturs.



Mynd 40. Sléttur flötur innan sáðgarðsins [3481-045] og norður veggur þess, mynd tekin til norðurs.

Niðurstöður

Við fornleifaskráningu á Laugum voru skráðar 45 fornleifar í heildina og teljast þær allar til friðaðra fornleifa, 19 þeirra höfðu áður verið skráðar í fyrri fornleifaskráningu (Orri Vésteinsson 1999) og voru áður skráðar minjar staðsettar og mældar upp ef möguleiki var á. Ljóst er að töluverður fjöldi minja liggur í og við þéttbýlið á Laugum og votta þær um langa sögu staðarins sem trúlega nær allt aftur á landnámsöld. Eru það einna helst fornu garðlögin sem liggja ofan og vestan við Lauga, ásamt heimildum um bænhus og mannabeinafundir við Hóla sem varpa ljósi á eldri sögu staðarins. 13 kolagrafir voru skráðar í móanum ofan og vestan við bæinn og greinilegt er að á einhverju tímamarki hefur þar verið skógur brúkanlegur til kolagerðar. Í og við bæjarstæðin á Hólum og Litlu-Laugum er svo að finna það sem mætti kalla hefðbundnar landbúnaðarminjar frá síðari tíma, svo sem skepnuhús, stekk, kvíar, heimild um vatnsmyllu, matjurtagarð og mógrafir. Hluti þeirra minja á sér þú trúlega nokkuð langa sögu.

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast friðaðar fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er 100 ára og eldri. Í 21. gr. sömu laga segir enn fremur að fornleifar sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Er því beint til skipulagsaðila að tillit sé tekið til fornleifanna og friðhelgi þeirra þegar ráðist verður í framkvæmdir á svæðinu og að þeim verði ekki raskað. Sé ekki unnt að fyrirbyggja rask á minjunum gæti þurft að grípa til mótvægisáðgerðir, sem geta falið í sér frekari rannsókn á minjunum. Það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu og það mikið breyst á síðustu hundrað árum og ekki er hægt að fullyrða að allar fornleifar á svæðinu hafi fundist við skráningu nú. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós við framkvæmdir eða einhvers konar rask á svæðinu ber að tilkynna það tafarlaust til Minjastofnunar Íslands.

Heimildir:

Árni Einarsson (2019). *Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Mál og Menning. Reykjavík.

Árni Magnússon & Páll Vídalín (1943). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Hið íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn. L. Möller.

Helgi Jónasson, Jóhanna Á, Steingrímsdóttir & Erlingur Arnórsson (1985). *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu. Oddi. Reykjavík.

Hákon Jensson (2024). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Þingeyjarsveit*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2024/1

Íslenskt Fornbréfasafn IX (1900-1913). Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík. Félagsprentsmiðja

Íslenskt Fornbréfasafn IV (1897). Hið Íslenska Bókmenntafélag. Kaupmannahöfn. L. Möller.

Jón Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. Trier.

Kristjana Vilhjálmsdóttir (2022). *Fornleifaúttekt vegna fyrirhugaðs jarðstrengs í Reykjadal, Bárðardal og Fnjóskadal*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS872-21411

Orri Vésteinsson (1999). *Menningarminjar á Hólum og lóð Laugaskóla í Reykjadal*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS100-99181.

Ragnar Þorsteinsson (2005). *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 2005*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.

Túnakort Hólar í Reykjadal(1919). Kristján Jónsson teiknaði

Túnakort Litlu-Laugar í Reykjadal (1919). Kristján Jónsson teiknaði

Örnefnaskrá Hólar og Lautir (1968). Páll H. Jónssons.

Örnefnaskrá Litlu-Laugar (1966). Áskell Sigurjónsson skráði.

Örnefnaskrá Litlu-Laugar, viðbót (1983). Áskell Sigurjónsson skráði.

Viðauki I. Minjaskrá

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3481-001	bæjarhóll	bæjarstæði	friðað	greinanlegar	870-1900	575074.767	581385.256
3481-002	heimild	legstaður	friðað	sést ekki	1200-1600	575123.457	581385.319
3481-003	tóft	bænhús	friðað	greinanlegar	1200-1600	574996.933	581448.942
3481-004	gata	leið	friðað	vel greinanlegar	870-1900	574985.918	581444.785
3481-005	heimild	óþekkt	friðað	sést ekki	1500-1900	574932.984	581421.429
3481-006	heimild	hesthús	friðað	sést ekki	1500-1947	575025.097	581344.667
3481-007	heimild	fjárhús	friðað	sést ekki	1500-1920	574970.085	581308.206
3481-008	heimild	fjárhús	friðað	sést ekki	1500-1950	574992.474	581233.204
3481-009	heimild	hesthús	friðað	sést ekki	1500-1920	575048.318	581213.701
3481-010	tóft	fjárhús	friðað	greinanlegar	1500-1920	574964.569	581203.237
3481-011	garðlag	túngarður	friðað	greinanlegar	1500-1928	574958.068	581213.449
3481-012	heimild	kvíar	friðað	sést ekki	1500-1913	574909.200	581246.406
3481-013	heimild	mógrafir	friðað	sést ekki	1500-1945	575015.907	581058.068
3481-014	tóft	stekkur	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	575389.374	580984.306
3481-015	heimild	túngarður	friðað	sést ekki	870-1900	574941.896	581553.234
3481-016	heimild	vað	friðað	greinanlegar	870-1900	575187.815	581394.682
3481-017	heimild	laug	friðað	sést ekki	1900-1930	575297.920	581469.524
3481-018	örnefni	óþekkt	friðað	ómetið	870-1900	575348.251	581326.149
3481-019	heimild	vað	friðað	greinanlegar	870-1900	575340.138	581248.596
3481-020	heimild	leið	friðað	sést ekki	870-1900	575400.704	581296.723
3481-021	heimild	brú	friðað	sést ekki	1800-1900	575471.069	581285.849
3481-022	heimild	fjárhús	friðað	sést ekki	1500-1900	575631.636	581303.469

3481-023	heimild	fjárhús	friðað	sést ekki	1500-1900	575730.901	581377.411
3481-024	örnefni	landamerki	friðað	sést ekki	1920-2000	575383.433	581654.303
3481-025	örnefni	óþekkt	friðað	sést ekki	870-1900	575332.942	581513.182
3481-026	örnefni	mylla	friðað	sést ekki	1800-1900	575255.667	581679.370
3481-027	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574572.985	581285.011
3481-028	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574566.629	581269.746
3481-029	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574527.427	581283.856
3481-030	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574518.387	581269.977
3481-031	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574580.877	581056.118
3481-032	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574584.845	581018.358
3481-033	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574549.330	581312.827
3481-034	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574557.439	581372.617
3481-035	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574478.664	581415.781
3481-036	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574477.334	581413.307
3481-037	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574463.773	581468.593
3481-038	garðlag	vörslugarður	friðað	vel greinanlegar	870-1500	574442.021	581518.671
3481-039	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574494.421	581593.352
3481-040	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	574490.592	581592.059
3481-041	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1500	574845.514	581615.357
3481-042	varða	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	574827.600	581674.220
3481-043	heimild	óþekkt	friðað	sést ekki	870-1900	575053.589	581191.486
3481-044	garðlag	vörslugarður	friðað	greinanlegar	870-1500	574613.139	581335.346
3481-045	jarðrækt	matjurtagarður	friðað	greinanlegar	1800-1920	575627.581	581588.209

Viðauki II. Minjakort

Minjakort

-  Skráningarsvæði
-  Skipulagssvæði
-  Skráðar minjar

0 300 600 900 m

